

**Fundur í hverfisnefnd 13. 09.2007 kl: 20:00**

Mættir:

Aðalsteinn Helgason  
Guðlaug Kristinsdóttir  
Sigurður Tryggvason

Mál á dagskrá:

**1. Umsókn um lóð, Þorsteinn Hjaltason**

Þorsteinn Hjaltason, kt. 010563-2169, sækir um lóð á grænu svæði fyrir enda Víkurgils til að byggja á einbýlishús vegna sérstakra heimilisaðstæðna.

Nefndin hefur áður tekið fyrir svipaða umsókn þar sem sótt var um íbúðalóð við enda Víkurgils. Nefndin er ennþá á sama máli og vísar hér í fyrri fundargerð:

*Tekið var fyrir erindi frá Finni Víkingssyni um íbúðalóð við norðurenda Víkurgils og í framhaldi af þeirri ósk rætt um fjölgun íbúðarhúsalóða á svæðinu sunnan Fossa- og Fannagils og norðan Víkur- og Vörðugils .*

*Hverfisnefnd vill leggja áherslu á að halda hverfisvælinum austast á svæðinu en setur sig ekki upp á móti fjölgun íbúðarhúsalóða vestan við hverfisvöllinn.*

*Nefndin leggur áherslu á að fram fari grenndarkynning áður en breyting á deiliskipulagi er lögð fram.*

**2. Er þörf/áhugi fyrir hverfisnefnd í Giljahverfi??**

Þar sem starf nefndarinnar hefur legið niðri um nokkurt skeið og mæting á fyrri fundi verið dræm, var rætt um hvort nefndin ætti að segja af sér. Eftir nokkra umræðu voru nefndarmenn sammála um að nefndin ætti að halda áfram störfum en styrkja þyrfti starf hennar. Mörg brýn málefni bíða nefndarinnar í hverfinu eins og t.d. umferðarmál. Ákveðið var að gera átak í að fjölga nefndarmönnum þar sem virkir nefndarmenn eru nú aðeins þrír. Ákveðið var að fjölga þyrfti um fimm í hverfisnefndinni. Tvo í aðalstjórn og þrjá varamenn.

**3. Umferðamál í Giljahverfi**

Nefndin var sammála um að eitthvað þyrfti að gera í umferðaröryggismálum í hverfinu. Íbúar í hverfinu hafa ítrekar tilkynnt nefndarmönnum að þeir hafi áhyggjur að börnum sínum í hverfinu. Hraðinn í hverfinu er víða of mikill og umferðarþunginn á álagstímum mikill. Giljahverfi er mikið barnahverfi og börn því víða á gangi og í leik. Nefndin telur mikilvægt að dregið verði úr hraða í hverfinu með hraðahindunum eða þrengingum, þá sérstaklega í Merkgigili . Þá ætti hverfið að fá merkingar um að leyfilegur hámarks hraði sé einungis 30 km á klst..

Næsti formlegi fundur er ákveðinn 14. feb. 2008 og verður það aðalfundur. Frost býður í kaffi og kökur ☺

Fundi slitið kl: 21:00